

**9. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir-
valdanna á Íslandi um styrk til forngripasafns.**

1864.

15. febrúar.

Með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háærverðugi herra, barst stjórnarráðinu bænarskrá frá Jóni Árnasyni, bókaverði við stiptsbókasafn Íslands, og Sigurði málara Guðmundssyni um 300 ríkisdala styrk á ári til að koma á fót forngripasafni á Íslandi. Eptir að búið er að skrifast á um málið við fjárstjórnina¹ skal yður nú til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð það, að stjórnarráðið því miður nú sem stendur ekki getur útvegað beiðendunum neinn styrk í þeim tilgangi, sem hér er um rætt.

**10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
og amtmannanna á Íslandi, um að embættismenn
skuli vinna konungi eið.**

20. febrúar.

Eptir allrahæstum úrskurði hans hátignar konungsins ber sérhverjum embættismanni, er heyrir undir dómsmálastjórnina og hefir konunglegt veitingarbréf, í því umdæmi, er þér, herra (tit.) eruð yfirskipaðir, að senda yður aptur meðfylgjandi eiðsform, undirskrifuð af þeim sjálfum, með fyrstu ferð, sem fellur eptir að þeir hafa fengið þau, og skorar stjórnarráðið á yður að senda síðan hingað, svo fljótt sem verða má, eiðsskrá yðar, og þær eiðsskrár, er þér meðtakið frá hlutaðeigandi embættismönnum². Um leið á að senda til endurnýjunar öll konungleg veitingarbréf.

¹ Smbr. bréfið nr. 2 hér að framan.

² Eiðsform þetta er þannig hljóðandi:

Eg undirskrifaður, sem er allramildilegast
lofa því hérmed og sver, að vera Hans Hátign Kristjáni konungi hinum Niunda trúr og hlýðinn, halda stjórnarskipunarlæg ríkisins og gegna með trúmennsku og áryekni þeim skyldum, sem mér á herðum liggja eptir ofangreindri stöðu minni og veitingarbréfi því, sem mér hefir fengið verið.

Svo sannarlega hjálpi mér Guð og hans heilaga orð.